

**Ed.**

## **324. Lög**

um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl).

### **1. gr.**

Skylt er embættismönnum landsins og sýslunarmönnum án endurgjalds að flytja árlega eitt eða tvö erindi, eftir ákvörðun útvarpsráðs, í útvarp ríkisins um stofnun þá eða starfsgrein, er þeir veita forstöðu. Ef aðili óskar að vera laus við flutning erindis, eða hann getur það ekki útvarpinu eða ríkissjóði að kostnaðarlausu, vegna fjarvistar, skal hann í tæka tíð senda útvarpsráðinu erindi sitt fullsamið, en það felur aftur einhverjum starfsmanni útvarpsins að flytja erindið.

Lengd erindanna miðast við venjuleg útvarpserindi, og skulu þau miða til þess að veita almenningi yfirlitsfræðslu um unnin störf og fyrirætlanir í framkvæmdum þjóðarinnar og opinberri starfrækslu.

### **2. gr.**

Fyrir 1. október ár hvert semur útvarpsráðið skrá yfir þau erindi, er það óskar að fá samkvæmt lögum þessum. Skylt er útvarpsráði að tilkynna aðila með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara, hvenær erindi skuli flytja eða hvenær handrit að erindi skuli vera komið til útvarpsráðs.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.